

**Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., haldinn á Hótel Selfossi,  
Þriðjudaginn 4. júní 1996, kl. 10.00.**

Formaður Karl Björnsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

**1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.**

Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri, las upp skýrsluna og skýrði frá helstu atvikum í rekstri Sorpstöðvarinnar frá síðasta aðalfundi í sept. 1995.

Helstu atvik og nýmæli í rekstrinum voru: Bílavog var sett upp við aðstöðuhús að Kirkjuferjuháleigu.

Frá 1. jan. 1996 hefur allt sorp verið vigtað inn á svæðið. Frá sama tíma var tekin upp ný gjaldskrá. Komið hefur í ljós að innvegið magn frá sveitarfélögum hefur reynst vera minna en talið var en aftur á móti hefur innvegið magn frá sláturhúsum og kjötvinnslum reynst vera meira en talið var. Keypt hafa verið ný tæki sem eru sorptroðari og trjákurliari. Bæði þessi tæki stuðla að rúmmálsminnkun úrgangs auk þess að kurlarinn er í raun endurvinnslubúnaður.

Starfsmaður hefur verið ráðinn í stað “lánsmanns” frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða. Starfsmenn stöðvarinnar að Kirkjuferjuháleigu eru nú tveir. Sorpstöðin á aðild að pappírsöfnunarátaki sem nú stendur sem hæst ásamt K.Á. og Gámaþjónustunni hf. Gerðir voru tveir samstarfssamningar við gámaþjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, Gám hf. og Gámaþjónustuna hf. Gámafyrirtækin losa skv. samningunum ákveðið hámarks magn sorps vikulega að Kirkjuferjuháleigu og greiða fyrir sambærilegt verð og aðrir. Tilgangur með þessu er að auka hagkvæmni rekstrarins og stuðla þannig að lækkun kostnaðar fyrir aðildarsveitarfélögin.

Eigendur tveggja jarða í nágrenni Kirkjuferjuháleigu þ.e. Auðsholts og Hvoltsbrúnar hafa tekið upp málarekstur til þess að ná bótum fyrir ætlaða verðrymnun á jörðum þeirra vegna nálægðar við urðunarsvæðið.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs., hefur haldið uppi vörnum í þessum málum og leitað þjónustu lögmanns og annarra sérfræðinga. Bæði málin eru opin ennþá.

Flest bendir til þess að tekjuáætlun Sorpstöðvar Suðurlands bs., vegna 1996 standist.

Nokkrar fyrirspurnir komu fram sem formaður og framkvæmdastjóri svöruðu.

**Ársreikningur:**

Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri, las upp og skýrði ársreikning fyrir 1995.

Tekjur urðu kr. 22.500.252.-

Gjöld urðu kr. 19.210.611.-

Fjármagnskostnaður varð kr. 1.907.099.-

Hagnaður varð kr. 1.382.542.-

Eigið fé var í árslok 1995 kr. 28.984.727.- og niðurstaða efnahagsreiknings varð kr. 73.238.088.-

Ársreikningur Sorpstöðvar Suðurlands bs., fyrir árið 1995 var samþykktur samhljóða.

**2. Ákvörðun gjaldskrár. Tillaga frá stjórn:**

Aðildarsveitarfélög kr. 1.50 pr. kg.

Fyrir sláturúrgang kr. 3.00 “

Önnur sveitarfélög kr. 3.00 “  
Afgreiðslugjald kr. 500.- pr. losun.

Jafnframt leggur stjórnin til að henni verði veitt heimild til breytinga á gjaldskránni milli aðalfunda ef rík ástæða skapast.  
heimild þessi gildi til aðalfundarins 1997.

Gjaldskráin og tillaga samþykkt samhljóða.

### **3. Fárhagsáætlun 1996.**

Áætlunin gerir ráð fyrir að tekjur verði kr. 35.000.000.-  
Gjöld verði kr. 30.240.000.-  
Hagnaður verði kr. 4.760.000.- og verði þar af kr. 4.400.000.- varið til afborgana lána.

Formaður lýsti þeirri skoðun sinni að ef rekstrarárangur skv. áætlun gengi eftir og yrði svipaður á komandi árum, myndi fjárhagur Sorpstöðvar Suðurlands bs., verða góður, sem gæti svo orðið til þess að gjaldskrá stöðvarinnar geti farið lækkanði í framtíðinni, komi ekki til nýjar kröfur.

Umræður urðu um nokkra þætti í áætluninni.

Fjárhagsáætlun 1996 samþykkt samhljóða.

### **4. Breytingar á samþykktum.**

Engin tillaga liggur fyrir og fellur þessi liður út.

### **5. Kosning þriggja manna stjórnar og þriggja til vara.**

Aðalmenn voru kjörnir: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Guðmundur Hermannsson.

Til vara voru kosnir: Einar Mathiesen, Grétar Zopahniasson og Ágúst Ingi Ólafsson.

### **6. Kosning tveggja skoðunarmanna.**

Kosnir voru Magnús Karel Hannesson og Bjarki Reynisson.

### **7. Önnur mál.**

#### **7.1. Drög að markmiðum og stefnu Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

Karl Björnsson lagði drögin fram og gerði grein fyrir þeim.

Fram kom að þau verða áfram til umræðu og ekki afgreidd fyrr en að lokinni ítarlegri umfjöllun.

Bjarni Jónsson, oddviti Ölfushrepps, gerði grein fyrir andstöðu hreppsnefndarinnar við viðskipti Sorpstöðvarinnar við gámafyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu.

Hann rakti aðdraganda að framkvæmdum við Kirkjuferjuháleigu þar sem hann taldi að hreppsnefnd Ölfushrepps hefði lagt því lið að urðunarstaðurinn yrði fyrir valinu vegna sameiginlegra hagsmuna Sunnlendinga.

Hann taldi að reksturinn hefði orðið dýrari en efni stóðu til og því bæri að líta á samningana í því ljósi.

Einnig gerði hann grein fyrir álitum lögmanns Ölfushrepps þar sem fram kemur að samningarnir við Gámafyrirtækin væri vafasamur út frá samningum um urðunarstaðinn.

Hann taldi óljóst hvort núverandi urðunaraðferð væri rétt og vigtun væri vond aðferð til að leggja til grundvallar við verðlagningu, taka ætti tillit til rúmmáls einnig.

Hann lagði að lokum til að inn í samþykktir fyrirtækisins yrði sett óyggjandi ákvæði þess efnis að sorphirðusvæði stöðvarinnar sé Suðurland.

Karl Björnsson svaraði ýmsu því sem fram kom í máli Bjarna og lagði áherslu á að fjárhagslegur ávinningur viðskiptanna væri tvímælalaust hagur Sunnlendinga.

Þorvarður Hjaltason andmælti því að þær aðferðir sem beitt er á svæðinu væru rangar, þvert á móti væru þær í samræmi við nýjustu kröfur og tækni.

Guðmundur Hermannsson gerði grein fyrir afstöðu sinni til málsins, hann greindi frá því að hann tæki fulla ábyrgð á samningum við gámafyrirtækin en taldi að þeir hefðu verið gerðir á óheppilegum tíma.

Bjarni Jónsson taldi að ekki bæri eingöngu að taka tillit til fjárhagslegra atriða.

Karl Björnsson lagði til að tillögu Bjarna yrði vísað til næsta aðalfundar og minnti á samkomulag aðila, sem gert var um þetta mál.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson lagði áherslu á að sátt þyrfti að ríkja við heimamenn og að sættir tækjust í þessu máli og tíminn fram að næsta aðalfundi yrði nýttur í því skyni.

Tillaga Karls samþykkt með 11 atkvæðum gegn 1.

Bjarni harmaði niðurstöðu málsins, aðeins væri verið að fresta vandanum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12.45.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Þorvarður Hjaltason.

Bjarni Jónsson.

Þórir Þorgeirsson.

Páll Lýðsson.

Guðmundur Þorvaldsson.

Grétar Zophaníasson.

Bjarni Einarsson.

Lofur Þorsteinsson.

Guðmundur Hermannsson.

Böðvar Pálsson.

Bjarki Reynisson.

Kjartan Ágústsson.

Guðmundur Einarsson.

Geir Ágústsson.

Ingólfur Guðmundsson.

Magnús Karel Hannesson.